

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og af-  
réttta, nr. 58/1998, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Þórhall Vilhjálmsson frá forsætis-  
ráðuneyti.

Með frumvarpinu eru lagðar til tvær breytingar. Annars vegar að afnema það ákvæði lag-  
anna að formaður óbyggðanefndar skuli vera í fullu starfi sem framkvæmdastjóri nefndarinn-  
ar og hafa sömu lögkjör og dómstjórinn í Reykjavík. Hins vegar er lagt til að óbyggðanefnd  
ljúki störfum á árinu 2011 en ekki fyrir árið 2007 eins og ákvæðið er núna.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Kolbrún Halldórsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og samþykk álitni þessu.

Björgvin G. Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 23. mars 2006.

Bjarni Benediktsson,  
form., frsm.

Jónína Bjartmarz.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

Birgir Ármannsson.

Kjartan Ólafsson.

Sigurjón Þórðarson.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Guðrún Ögmundsdóttir.